

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 19. ágúst 2003.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2002 varð halli af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 711.054 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2002 var 375.039 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2003.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson,
formaður ráðgjafarnefndar.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2003.

Rekstrarreikningur árið 2003

| Tekjur | kr. |
|-----------------------------|-------------------|
| Framlag ríkissjóðs | 6.552.541 |
| Framlag sveitarfélaga | 3.691.460 |
| Tekjur alls | <u>10.244.001</u> |

Framlög

| | kr. |
|--------------------------------------|-------------------|
| Bundin framlög | 1.045.045 |
| Sérstök framlög | 2.274.437 |
| Jöfnunarframlög | 3.077.209 |
| Jöfnunarframlög til grunnskóla | 3.624.135 |
| Stofnkostnaðarframlög | <u>200.000</u> |
| Framlög alls | <u>10.220.826</u> |

Rekstrarkostnaður

| | |
|--------------------------------|-------------------|
| Laun og launategnd gjöld | 23.491 |
| Annar rekstrarkostnaður | <u>12.432</u> |
| Rekstrarkostnaður samtals | 35.923 |
| Eignakaup | <u>123</u> |
| Gjöld alls | <u>10.256.872</u> |

| | |
|--|----------------|
| Rekstrarhalli fyrir fjármagnsgjöld | (12.871) |
| Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld | <u>108.559</u> |
| Tekjuafgangur (halli) | <u>95.688</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2003**Eignir**

| | |
|-----------------------------|----------------|
| Veltufjármunir: | |
| Ríkissjóður | 47.663 |
| Áfallnar vaxtatekjur | 86.567 |
| Aðrar skammtímakröfur | <u>25.272</u> |
| Skammtímakröfur samtals | <u>159.502</u> |

Handbært fé:

| | |
|-----------------------|----------------|
| Bankareikningar | <u>564.141</u> |
|-----------------------|----------------|

Eignir alls723.643**Skuldir og eigið fé****Eigið fé:**

| | |
|------------------|----------------|
| Höfuðstóll | <u>470.727</u> |
|------------------|----------------|

Skammtímaskuldir:

| | |
|---------------------------------------|----------------|
| Ríkissjóður | 0 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 8.657 |
| Ógreidd framlög | 75.917 |
| Aðrar skammtímaskuldir | <u>168.342</u> |
| Skammtímaskuldir samtals | <u>252.916</u> |

Skuldir samtals 252.916**Skuldir og eigið fé alls**723.643

Sjóðstreymi árið 2003**Rekstrarhreyfingar***Veltufé frá rekstri:*

| | |
|---|----------------------|
| Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi | kr. 95.688 |
| Veltufé frá rekstri | <u>95.688</u> |

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

| | |
|--|------------------|
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun | (45.411) |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun | (<u>1.005</u>) |
| | (46.416) |

| | |
|--------------------------------|---------------|
| Handbært fé frá rekstri | 49.272 |
|--------------------------------|---------------|

Fjármögnunarhreyfingar*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

| | |
|----------------------------|------------------|
| Framlag ríkissjóðs | (6.552.534) |
| Greitt úr ríkissjóði | <u>6.396.116</u> |
| | (156.418) |

| | |
|-------------------------------------|-------------|
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | (107.146) |
|-------------------------------------|-------------|

| | |
|-------------------------------|----------------|
| Handbært fé í ársbyrjun | <u>671.287</u> |
|-------------------------------|----------------|

| | |
|----------------------------|-----------------------|
| Handbært fé í árslok | <u><u>564.141</u></u> |
|----------------------------|-----------------------|

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 23. ágúst 2004.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2003 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 95.688 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2003 var 470.727 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2004.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson,
formaður ráðgjafarnefndar.

Nr. 847

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2004.

Rekstrarreikningur árið 2004

| Tekjur | kr. |
|--------------------------------------|-------------------|
| Framlag ríkissjóðs | 7.209.316 |
| Framlag sveitarfélaga | 3.972.536 |
| Tekjur alls | <u>11.181.852</u> |
| Framlög | |
| Bundin framlög | 1.006.739 |
| Sérstök framlög | 2.743.576 |
| Jöfnunarframlög | 3.242.920 |
| Jöfnunarframlög til grunnskóla | 3.900.770 |
| Stofnkostnaðarframlög | 200.000 |
| Framlög alls | <u>11.094.005</u> |